

## Blikastaðir – skýrsla um náttúrufar 1. áfangi deiliskipulags



Árni Bragason, 2024

Skipulagssvæðið afmarkast af Skálatúnslæk, núverandi byggð og golfvelli – ríflega 30 ha.



Mynd 1. Athafnasvæði – Blikastaðir.



Við skoðum á landinu þann 5. júní hitti undirritaður Grétar Hansson sem búið hefur í áratugi á Blikastöðum. Grétar gjörþekkir landið og söguna og er viljugur til að aðstoða með upplýsingar um ræktunarsöguna og um vatnafar á landinu.

Búskapur var á Blikastöðum og bændur voru stórtækir í framræslu lands.

Til að tryggja framræslu á landinu og stækkun túna var Skálatúnslæk veitt austur fyrir Blikastaði í framræslu-skurð og beint til norðurs til sjávar eins og glögglega sést á loftmyndum frá árinu 1954.

Mynd 2. Blikastaðir, framræsla um skurð til norðurs til sjávar.





Stærsti hluti lands innan fyrsta áfanga er framræst votlendi eins og glögglega sést á loftmyndum og jarðvegsdýptarmælingum. Blikastaðir voru stórbú með víðfemum túnum sem að hluta til eru komin undir byggðina í Mosfellsbæ. Stór hluti túnanna eru ennþá nýtt til sláttar en lítill hluti til hrossabeitar. Kúabúskap var hætt 1972 og kýrnar seldar.

Blautustu svæðin vestan við bæinn hafa ekki verið nýtt til sláttar og þar var varpsvæði grágæsar - um 30 fuglar.

Mynd 3. Varpsvæði grágæsar 2024.

Annarsstaðar á svæðinu sáust nokkur pör af stelkum, spóum, þúfutittlingum, hrossagaukum, lóum, skógarpröstum, tjöldum. Einnig sást jaðrakan og kría.

Ljóst er að vatn í Skálatúnslæk er mengað vegna frárennslis frá gatnakerfi ofan vegar og hugsanlega vegna starfsemi fyrirtækja og til að tryggja heilbrigðara vatnasvið þarf að grípa til ráðstafana, settjarna eða gróðurtjarna. Best væri að leita samstarfs við sveitarfélagsins um að leita uppruna mengunarinnar.



Mynd 4. Skálatúnslækur rennur inn á svæðið um framræsluskurð.



Mynd 5. Skálatúnslækur í vel afmörkuðum farvegi.



Lækurinn rennur í tilbúnum farvegi, framræsluskurði þar sem hann kemur inn á Blikastaðaland, myndir 4. og 5. Vert væri að skoða hvort móta eigi farveginn t.d. með tjörn með aflíðandi gróna bakka.

Neðar (mynd 6.) tekur síðan við náttúrulegur farvegur sem ástæða er til að reyna að halda í og fella byggingasvæðið að.



Mynd 6. Gamall náttúrulegur farvegur lækjarins.

Eftir að búskap lauk á Blikastöðum hefur framræsluskurðum ekki verið viðhaldið og rétt við Blikastaðabæinn hefur skurði verið lokað og þar hefur myndast tjörn sem algróin er fergin (tjarnarelftingu).



Mynd 7. Gamall framræsluskurður sem var lokað og þar er nú tjörn.




Samkvæmt drögum að skipulagi er gert ráð fyrir að vegur verði lagður yfir tjörnina á mynd 7. og því væri athugandi að færa gróðurinn inn á væntanleg votlendissvæði milli byggingareita eða inn í settjarnir.

Framræsluskurðir nyrst á svæðinu eru einnig grónir að mestu (mynd 8.) og þar er áberandi votlendistegundir eins og hófsóley sem auðvelt er að færa til eftir þörfum og nota þar sem hægrennandi afrennslisvatn verður á milli byggingareita.



Mynd 8. Framræsluskurðir grónir votlendistegundum. Áberandi hófsóley.



Mynd 9. Afrennsli af Blikastaðalandi til norðurs.

Vatn rennur um framræsluskurði og síðan um eldri lækjarfarveg til norðurs í gegnum svæði golfvallarins (mynd 9.). Líklegt er að hægt verði að nýta farveginn og nyrstu hluta framræsluskurðann



til að móta landið. Bakkar lækjarins og skurðanna eru með fjölbreyttan votlendis og þurrlandisgróður sem hægt er að færa til og flýta þannig fyrir framvindu gróðurs á svæðinu þannig að náttúrulegt jafnvægi myndist.

Þurrlandið nyrst á svæðinu er algróið og þar er að finna hlaðinn garð sem vert er að gera hátt undir höfði sem aðalsmerki útivistarreitsins (mynd 10).

Gróðurfarið er dæmigerður lyngmói með hraungambra, krækilyngi og bláberjalyngi, túnvingli og sauðvingli, kornsúru, ljónslappa og gulmöðru.

Birki hefur verið plantað á nokkrum stöðum í þurrlandið en einnig eru sjálfsánar birki og víðiplöntur. Gera má ráð fyrir að birkið taki smátt og smátt yfir með sjálfsáningu og verði ríkjandi á svæðinu.

Taka þarf afstöðu til þess hvort grisja eigi birkið til að lyngmóinn haldi velli og til að hlaðni veggurinn fái að njóta sín og til að halda útsýni til Esjunnar.



Mynd 10. Hlaðinn veggur nyrst á svæðinu er áberandi og skreytir útivistarsvæðið.

Þar sem búskapur hefur ekki verið á Blikastöðum síðan 1972 hefur gróðurfar tekið breytingum og orðið fjölbreyttara. Hrossabeit hefur verið takmörkuð og einungis hluti túnanna hefur verið sleginn. Framræsluskurðirnir eru flestir vel grónir og því hafa framræsluáhrifin minnkað og losun kolefnis frá landinu hefur eflaust dregist eitthvað saman. Skurðirnir eru þó nægilega virkir til að halda flestum túnanna þurrum og tryggja að gróðurfarið þar sé þurrlandisgróður. Minni áburðarnotkun og minni sláttur hefur haft þau áhrif að blómplöntur hafa komið inn í túnin sem hefur haft jákvæð áhrif á fuglalíf. Neðri hluti Skálatúnslækjar og nágrenni hans og neðri hluti lækjar við golfvöllinn eru þau svæði ásamt þurrlandinu nyrst sem leggja þarf áherslu á að hlífa á framkvæmdatíma. Athuga þarf einnig hvort ekki sé möguleiki á að skera þökur af túnum sem ekki hafa verið slegin í langan tíma og nýta þökurnar við frágang eftir landmótun byggingareitanna.